



Guðmundur Óli Gunnarsson nam hljómsveitarstjórn í Utrecht og Helsinki og hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá árinu 1992. Hann hefur verið stjórnandi m.a. Háskólakórsins, Kórs Menntaskólans við Sund og Kórs Menntaskólans á Akureyri. Þá var hann stjórnandi Caput frá 1987-2007. Kammerkór Norðurlands hefur sungið undir stjórn Guðmundar Óla frá árinu 2000. Guðmundur Óli hefur fengið nokkuð við útsetningar og lagasmíðar og hefur KN flutt nokkuð af efni úr hans smíðju.